

## GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli  
í Garðabæ árið 1994.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald árið 1994.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 52 000 á hvert hús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 439/1991 um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

*Umhverfisstjórnuneytið, 28. janúar 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um gerð og búnað reiðhjóla.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um reiðhjól sem notuð eru í almennri umferð á akbraut, gangstétt, gangstíg eða hjólreiðastíg.

2. gr.

*Almennar reglur.*

Reiðhjól skal þannig gert, sett saman, búið og haldið við að það þoli það álag sem hlýst af venjulegri notkun þess og nota má án þess að valda óþarfa hættu eða óþægindum.

Reiðhjól skal á augljósan og varanlegan hátt merkt framleiðanda hjólsins og framleiðslunúmeri. Því skulu fylgja leiðbeiningar á íslensku um réttar stillingar og viðhald á öryggisbún-  
aði. Yfirlýsing skal fylgja frá framleiðanda hjólsins um aflfræðilega eiginleika þess og skal hún studd tilvitnun í viðurkennda staðla og/eða vottorðum um prófanir.

3. gr.

*Hemlar.*

Reiðhjól skal hafa a.m.k. tvo sjálfstæða hemla sem hafa þannig yfirfærslu að hægt sé að stöðva hjólið á öruggan, virkan og skjótan hátt. Annar hemillinn skal virka á framhjól en hinn á afturhjól.